

**Nd.**

**843. Breytingartillögur**

[5. mál]

við frv. til útvarpslaga.

Frá Halldóri Blöndal og Ólafi P. Þórðarsyni.

1. Við 17. gr. 4. mgr. orðist svo:  
Menntamálaráðherra staðfestir útvarpsgjald að fengnum tillögum útvarpsstjóra.
2. Við 19. gr. Greinin orðist svo:  
Eigandi viðtækis, sem nýta má til móttöku á útsendingum Ríkisútvarpsins, skal greiða afnotagjald, útvarpsgjald, af hverju tæki. Þó skal aðeins greiða eitt útvarpsgjald fyrir einkaafnot fjölskyldu á heimili. Afslátt skal veita þeim, sem aðeins geta nýtt sér svart/hvíta móttöku sjónvarpsefnis, og þeim sem einungis geta nýtt sér hljóðvarpssendingar. Einnig er heimilt að veita fyrirtækjum og stofnunum afslátt vegna fjölda tækja á sama stað. Nánari ákvæði um afslátt og skilgreiningu á heimili skal setja í reglugerð.
3. Við 20. gr. Greinin orðist svo:  
Eigandi, sem breytir afnotum sínum, sbr. 19. gr., skal tilkynna það Ríkisútvarpinu þegar í stað.  
Hver sá, er fæst við sölu viðtækja, skal tilkynna innheimtudeild Ríkisútvarpsins í fyrstu viku næsta mánaðar eftir solumánuð hverjir séu kaupendur. Í tilkynningunni skal greina fullt nafn, nafnúmer og heimilisfang kaupanda og seljanda, enn fremur aðrar upplýsingar samkvæmt reglugerð.
4. Við 21. gr. Greinin orðist svo:  
Ríkisútvarpið heldur skrá yfir öll viðtæki sem notuð eru hér á landi og í íslenskum skipum og flugvélum og nota má til móttöku útvarpsefnis.  
Afmá skal viðtæki af skrá ef sönnur, sem innheimtustjóri metur gildar, eru á það færðar að tækið sé orðið ónýtt eða verði af öðrum ástæðum ekki lengur notað til móttöku útsendingar Ríkisútvarpsins.
5. Við 22. gr.
  - a. Í stað orðsins „sjónvarpstæki“ í 1. mgr. komi: viðtæki.
  - b. Í stað orðsins „sjónvarpsviðtækja“ í 3. mgr. komi: viðtækja.